

# HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

*Alþingi*

*Erindi nr. P 128/1318*

*komudagur 25.2.2003*

Samgöngunefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Ha 008/2003 BLB/IH

Reykjavík 25. febrúar 2003

## **Umsögn um tillögur að þingsályktunum um samgönguáætlanir 2003-2014 og 2003-2006.**

Hafnasamband sveitarfélaga hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögur um samgönguáætlun annars vegar fyrir tímabilið 2003-2014 og hins vegar fyrir tímabilið 2003-2006.

Rétt er að taka fram í upphafi að Hafnasambandið tekur sem slíkt ekki afstöðu til einstakra verkefna í áætluninni eða forgangsörðun þeirra.

Hafnasambandið fagnar því að nú skuli unnin sameiginleg samgönguáætlun fyrir hafnir, vegi og flugvelli og telur að slíkt sé til mikilla bóta. Á hinn bóginn hefur sambandið einnig ályktað um að nauðsynlegt sé að vinna heildaráætlun í flutningamálum til langs tíma og e.t.v. hefði í hinni nýju áætlun átt að vera skýrari stefnumörkun í flutningum, m.a. með tilliti til jafnrar samkeppnisstöðu flutningamáta og þjóðhagslegrar hagkvæmni.

Í samgönguáætluninni kemur fram að gert er ráð fyrir á fyrsta tímabili áætlunarinnar (2003-2006) verði um 4,3 milljörðum króna varið til hafnamála en sú fjárhæð lækkar um nærri helming þegar kemur að næstu tveimur tímabilum. Í forsendum kemur fram að þessi áætlun gangi út frá óbreyttu lagaumhverfi en eins og kunnugt er, er nú til umfjöllunar á Alþingi frumvarp til nýrra hafnalaga sem gerir ráð fyrir breyttri kostnaðarhlutdeild ríkisins í hafnamálum. Miðað við þær breytingar sem það frumvarp hefur í för með sér, verði það samþykkt, verður að gera ráð fyrir lækkun framlaga ríkisins til hafnamála. Á hinn bóginn telur Hafnasambandið að sú mikla lækkun sem gert er ráð fyrir milli fyrsta 4ra ára tímabilsins annars vegar og annars og þriðja tímabilsins hins vegar sé órökstudd og myndi hafa í för með sér afar alvarlegar afleiðingar fyrir fjölmargar hafnir og byggðarlög vítt og breitt um landið.

Hafnasambandið fer fram á að áætlunin verði endurskoðuð með það að markmiði að rétta hlut hafnanna í þessu samhengi.

Í samþykkt ársfundar Hafnarsambands sveitarfélaga í október sl. segir m.a. „að þar sem aðlögunartími nýrra hafnalaga verður lengdur til ársins 2006 er mikilvægt að hann sé nýttur til að tryggja að hafnir landsins séu jafnsettar

varðandi framkvæmdaþörf og rekstur. Stefna hafnaáætlunar 2003- 2006 þarf að vera sú að nægt fjármagn sé til slíkrar aðlögunar.”

Til þess að koma til móts við þessa ályktun, verði frumvarp til nýrra hafnalaga að lögum þyrfti:

- að auka framlög til hafnagerðar á áætlun 2003 til 2006 (en gert er m.a. ráð fyrir lækkun árið 2003 miðað við hafnaáætlun 2001-2004)
- að hækka aftur styrkhlutfall í dýpkun í 90% og
- að efla hafnabótasjóð, svo að hann geti styrkt hafnir í dýrri hafnagerð samkvæmt núgildandi lögum.

Virðingarfyllt  
HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

Árni Þór Sigurðsson formaður